

Titill áfanga: Munnleg tjáning

Nafn áfanga: ÍSLE2BT05

Námsgrein: Íslenska

Viðfangsefni: Munnleg tjáning

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: ÍSLE2AA05

Lýsing á efni áfangans:

Áfanginn gefur öllum nemendum tækifæri til að þjálfa sig í munnlegri tjáningu. Nemendur fá þjálfun í raddbeitingu og skýrmæli og þjálfast í að flytja margs konar texta, eigin og annarra. T.d. segja sögur og flytja ræðu eða kynningar en einnig flytja ljóð og annars konar texta. Enn fremur þjálfast nemendur í að hlusta á aðra af athygli.

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- raddbeitingu og skýrmæli.
- gildi munnlegrar tjáningar.
- mikilvægi þess að hlýða á aðra.

Leikniviðmið

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- beita röddinni þannig að til hans heyrir og skiljist.
- tjá sig í mæltu máli um ólík efni, svo sem segja gamansögur, flytja ræðu eða kynna efni.
- leggja við hlustir þegar aðrir tala.

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig skýrt og greinilega í mæltu máli við ólík tilefni.
- taka þátt í umræðum í stærri eða minni hópum þannig að í heyrir og hlusta á önnur.

Námsmat:

Ekkert lokapróf er í áfanganum, krafist er mætingar, virkrar þátttöku og verkefnaskila.